

Fundargerð

Fundarstaður: Háaleitisbraut 68, Kárahnjúkar fundarherbergi **Tími:** 11:00

Fundinn sátu: **Fjarverandi:**

Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, Ragna Árnadóttir, Steinunn J Kristjánsdóttir, Einar Bjarnason

Eftirfarandi mál voru rædd:

Í byrjun fundar þakkaði Ragna Árnadóttir hússtjórninni fyrir ánægjulegt samstarf og fór yfir helstu ástæður þess að Guðrún Ólafía tók yfir hlutverki Rögnu í hússtjórn Þjóðveldisbæjarins.

1. Ársreikningur Þjóðveldisbæjarins Guðrún Ólafía fór yfir ársreikning Þjóðveldisbæjarins 2017 og hann samþykktur og undirritaður. Samhliða því voru skoðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

2. Sumarið 2018 Guðrún Ólafía fór yfir starfsemi og skipulag fyrir sumarið 2018, sjá meðfylgjandi kynningu.

Eftirtalin atriði voru sérstaklega rædd.

Starfsmannafatnaður/Búningar. Möguleiki að fá sérsaumaða búninga á starfsfólkið, ullarkjól, ullarhettu, spjaldborða fyrir belti og lopastúkur. Kostnaðurinn fyrir hvern búning eru kr. 65.000,- Steinunn lagði til að hvort það væri betra að panta svipaða búninga fyrir starfsfólkið og þeir sem voru pantaðir í fyrra. En þeir búningar hafa verið nýttir í bænum fyrir gesti. Guðrún mun kanna möguleikann á að panta frekar búninga til að halda kostnaðinum niðri. Athuga gæði búninga, þarf að þola reglulega notkun.

Kistur. Í fyrra var skoðað hvort að það ætti að láta smíða tvær kistur fyrir Þjóðveldisbæinn. Þórður Örn Hjálmarsson sendi tilboð upp ár kr. 600.000 fyrir tveimur kistum, sjá linka á myndir í kynningu. Kisturnar verða nýttar fyrir leikmuni í Þjóðveldisbænum t.d. til að geyma föt og aðra muni.

Viðhaldskostnaður. Einar lagði til að gerð yrði verk- og kostnaðaráætlun varðandi viðhald á bænum. Lagt var til að gera áætlun til þriggja ára. Guðrún Ólafía tekur að sér að ræða við Lúdvík Leóson og fara yfir helstu viðhaldsverkefni.



3. **Verðskrá 2019 og 2020** Tekin var ákvörðun um að verðskrá Þjóðveldisbæjarins fyrir árin 2019 og 2020 verði óbreytt. Aðgangseyri verður eftirfarandi:

- Almennt miðaverð kr. 1.000,-
- Hópar, eldri borgarar og öryrkjar kr. 750,-
- Frítt fyrir börn, 16 ára og yngri

4. Önnur mál

Fundarplan. Rætt var um hversu oft hússtjórn telur æskilegt að funda á ári og þá í kringum hvaða tímabil. Lagt var til að miða við fjóra fundi á ári og inn í því sé vettvangsferð í maí. Einnig var rætt um hlutverk varamanna og lagt til að þeim yrði boðið með í vettvangsferð. Guðrún Ólafía sér um að boða ferðina og boða næstu hússtjórnarfundi.

Salernismál. Rætt var um hvort að æskilegt væri að setja upp gjaldskyld salerni við Þjóðveldisbæinn. Guðrún Ólafía skoðar það betur og leggur til plan.

Máldagi. Samkvæmt Máldaga leggur Landsvirkjun til tvö stöðugildi og eina milljón króna í rekstrarstyrkt. Landsvirkjun leggur fleira til sem ekki er sérstaklega getið í máldaga, eins og afleysingar sumarsstarfsfólk, vinnu sem verkefnisstjórar á samskiptasviði leggja til, vinnu starfsfólks í Búrfelli auk fæði og húsnæði fyrir sumarsstarfsfólk. Hússtjórnin var sammála um að þetta þyrfti að skoða og fara yfir.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 12.10

Fundarritari: GÓB